

Föstudaginn 22. maí 1998.

Nr. 390/1997.

Ákærvaldið(Bogi Nilsson ríkissaksóknari)
gegn**Sigurþóri Arnarssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.) og

Sverri Þór Einarssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Líkamsárás leiðir til dauða. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Pétur Kr. Hafstein, Gunnlaugur Claessen, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1997 að ósk ákærða Sverris Þórs, en einnig af hálfu ákærvaldsins, til þyngingar á refsingu Sverris Þórs og til sakfell-ingar og refsíakvörðunar vegna ákærða Sigurþórs.

Ákærði Sigurþór Arnarsson krefst staðfestingar héraðsdóms, en ákærði Sverrir Þór Einarsson krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins.

I.

Lögreglunni í Reykjavík var tilkynnt um líkamsárás á skemmti-staðnum Vegas kl. 00.57 aðfaranótt þriðjudagsins 13. maí 1997. Við komu lögreglumanna á staðinn lá meðvitundarlaus maður í sófa innst í húsnæðinu. Var lögreglumönnunum sagt, að hann hefði verið sleginn í höfuðið. Hefðu þrír karlmenn staðið að árásinni, tuskað hann til og sparkað í höfuð hans. Sá, sem hefði haft sig mest í frammi, væri kallaður Silli. Þar mun vera átt við ákærða Sigurþór Arnarsson. Þá hefðu þeir einnig barið tvo félaga mannsins, svo að séð hefði á þeim. Mennirnir voru horfnir á braut. Rannsóknarlög-regla ríkisins var ekki kölluð strax á vettvang, og skýrslur lögreglu-manna, sem á staðinn komu, og frásagnir þeirra eftir vitnum, sem þar voru, eru ekki að öllu leyti ljósar. Þegar rannsóknarlögreglu-maður kom svo á vettvang síðar um nóttina, hafði eitthvað verið tekið til, og vitni voru farin. Rannsóknarlögreglumenn athuguðu vettvang daginn eftir. Meðal gagna málsins er uppdráttur þeirra af

húsnæði skemmtistaðarins svo og ljósmyndir, sem þar eru teknar. Aðstæðum er lýst í héraðsdómi.

Farið var með hinn slasaða á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Við fyrstu skoðun þar var ekki að sjá aðra áverka á honum en smáblóðkýli aftan á hnakka. Við skoðun í sneiðmyndataeki sást hins vegar útbreidd heilaskúmsblæðing. Var gerð á honum heilaaðgerð, en ekki tókst að bjarga lífi hans, og lést hann sólarhring eftir atburðinn.

Í héraðsdómi er því lýst, að lík hins látna var krufið. Í ályktun krufningarlæknis segir, að krufningin hafi leitt í ljós, að banamein mannsins hafi verið blæðing undir mjúku heilahimnuna eða heilaskúmsblæðing. Hann hefði verið með mar í hársverði í hnakka og blóðgúl undir höfuðleðrinu. Megi álykta, að áverki þessi hafi getað stafað af ákomu (t. d. sparki, höggi eða við fall), sem hefði valdið hnykk á heila með rofi í slagæð og blæðingu. Ekki hefði fundist, að sjúkleiki hefði verið undirrót blæðingarinnar. Maðurinn hefði verið mjög ölvaður á þeim tíma, sem hann hlaut höfuðáverkann. Við krufninguna hefðu fundist áverkar yfir viðbeinum og á hægri framhandlegg, sem hefðu getað stafað af átökum, en væru ekki þess eðlis, að þeir gætu verið meðverkandi í dauða hans.

Læknirinn rökstyður ályktun sína með því, að vel sé þekkt í réttarlæknisfræðum, að áverki á höfuð, einkum í hæð við kúpubotninn, geti framkallað heilaskúmsblæðingu, t. d. við hnefahögg aftan við eyra eða annars staðar á höfuðið. Við hnykkinn myndist tog, sem geti myndað lítið rof í slagæð, sem erfitt eða ógerlegt geti verið að finna, svo sem hér hefði átt sér stað. Þekkt sé, að sjúkdómar geti leitt til blæðingar svipaðs útlits, en í slíkum tilvikum leiði ýtarleg rannsókn nær alltaf í ljós skemmdina á æðinni og blæðingarstað. Það hefði ekki fundist hér. Rannsókn á blóðsýni úr mannum hefði leitt í ljós, að hann hefði verið mjög ölvaður, þegar átökin urðu. Þekkt sé, að áfengisáhrif stuðli að blæðingu af þessu tagi, þar eð vöðvaslappleiki takmarki viðnám við þeirri sveiflu, sem komið geti á höfuð við ákomu. Einnig verði mikil aukning blóðflæðis um heilaæðar við áfengisáhrif, sem auki áhættu á rofi og blæðingu.

Læknirinn kom fyrir dóm og gaf skýrslu um rannsókn sína. Sagði hann, að áverki hefði verið á hnakka hins látna, og verður að skýra framburð læknisins svo, að lát mannsins stafi frá þeim áverka. Hann

sagði, að mjög erfitt væri að segja til um, hversu þungt höggið hefði verið. Hins vegar væri vitað, að tiltölulega væg högg gætu valdið blæðingum af þessu tagi. Ekki væri hægt að segja til um, hvers eðlis höggið hefði verið. Læknirinn sagði, að ólíklegt væri, að högg með opinni hendi eða lófa hefðu valdið áverkanum, heldur hefði hann fremur komið eftir nokkuð harðari flöt.

Ákærðu fréttu um afleiðingar átakanna daginn eftir. Lögreglan sótti þá ákærða Sverri Þór, og ákærði Sigurþór gaf sig fram, eftir að hann frétti það.

Rannsókn fór fram á skóm þeim, sem ákærði Sigurþór var í, nokkrum dögum eftir atburðinn, svo sem lýst er í héraðsdómi, en ekki fundust merki á skónum, sem bentu til þess, að þeim hefði verið beitt í áflogunum. Þá fór einnig fram rannsókn á áhaldi, sem ákærði Sverrir Þór hafði í fórum sínum. Bar áhaldið engin merki þess, að því hefði verið beitt.

II.

Ákærðu eru saksóttir fyrir stórfellda líkamsárás, sem hafi leitt til dauða. Ákærði Sverrir Þór á að hafa ráðist á hinn látna og „veitt honum þungt högg aftanvert á höfuð, þannig, að hann féll á gólfið meðvitundarlaus“. Ákærði Sigurþór á síðan að hafa „sparkað í höf-uð“ hans, „er hann lá á gólfinu“.

Takmarkast álitafni málsins nokkuð af þessari verknaðarlýsingu í ákæru.

Mikið ber á milli skýrslna ákærðu og vitna um átökin. Þau tóku stuttan tíma, og blönduðust fleiri í málið en sá, er lést, og ákærðu. Skýrslum þessum eru gerð nokkur skil í héraðsdómi. Í átökunum tóku þátt annars vegar sá, er lést, og félagar hans, Bjarni Guðmann Emilsson og Eggert Pétursson, og hins vegar ákærðu og Stig Lauridsen, sem með þeim var. Auk þess voru með ákærðu vitnin Birkir Herbertsson og Þuríður Björg Birgisdóttir, kona ákærða Sverris Þórs, en af gögnum má ráða, að þau hafi ekki blandast í sjálf átökin. Hóparnir þekktust ekki, og voru ljósmyndir notaðar við rannsóknina til hægðarauka fyrir vitnin og ákærðu. Húsnæðið var illa lýst, með tifandi ljósum, og þröngt milli borða og stóla. Þá voru sum vitnin undir áhrifum áfengis og nokkur þeirra mikið.

Samkvæmt gögnum málsins virðist ákærði Sigurþór hafa átt upp-

tökin að átökunum. Á skemmtistaðnum er svið, og fyrir átökin hafði dansmæri verið að leika þar listir sínar. Samkvæmt framburði ákærða Sigurþórs fyrir dómi sat vitnið Birkir Herbertsson við sviðið næst aðstöðu plötusnúðs, þá kom auður stóll, en síðan sátu þeir í röð við sviðið, sá er lést, félagi hans, Bjarni Guðmann, og loks hinn félagi hans, Eggert. Ákærði Sigurþór kvaðst hafa komið þarna að, og hefði hann sest á stólinn milli Birkis og þess, er lést. Kvað hann Birki hafa sagt við sig, að hann væri eitthvað ruglaður, þessi, og átti við þann, er lést, en eitthvað hafði áður farið á milli þeirra. Birkir hefði sagt honum að láta manninn í friði. Þeir hefðu þó eitthvað farið að ýtast á. Bjarni Guðmann hefði sagt eitthvað líka. Hefði það endað með því, að þeir fóru að takast á, hann og maðurinn. Þeir hefðu staðið hvor á móti öðrum og haldið hvor í annan, en svo hefði maðurinn slengst frá honum. Hann neitar því að hafa slegið manninn eða sparkað í hann, en þeir hafi togast og ýst eitthvað á. Frásögn ákærða Sigurþórs af þessu upphafi átakanna styðst við frásögn Birkis fyrir dómi. Vitnið Bjarni Guðmann ber einnig um orðaskipti milli þess, er lést, og sín annars vegar og ákærða Sigurþórs hins vegar, en telur, að hann sjálfur hafi í upphafi fengið högg á auga frá ákærða Sigurþór, og getur ekkert borið um átök hans við féлага sinn. Vitnið Eggert ber á sama hátt um, hvernig hann og félagar hans tveir sátu við sviðið. Hann varð var við átökin við það, að félagi hans féll í gólfið og að ráðist var að Bjarna Guðmanni. Hann kvaðst þá hafa staðið upp og séð féлага sinn liggja á hliðinni og snúa baki við sér. Þá hefði verið rífið í hann sjálfan og hann séð um leið, að sparkað var í félagann, sem lá í gólfinu. Honum sjálfum hefði síðan verði skellt í gólfið. Hann hefði náð að standa upp, og átökin hefðu hætt og hinir rokið burt. Hann kvaðst hafa séð, hver sparkaði, og benti á ákærða Sigurþór í réttinum. Hann hafði einnig áður lýst honum við yfirheyrslur hjá lögreglu. Hann sagðist hafa séð sjálft sparkið, og hefði það komið aftarlega á höfuðið.

Vitnið Stig Lauridsen sat við borð innarlega í salnum við bar, sem þar er, þegar átökin hófust, ásamt ákærða Sverri Þór og konu hans. Hann kvaðst í yfirheyrslum hjá lögreglu hafa blandað sér í átökin á undan ákærða Sverri Þór og slegið mann í vinstra brjóst ofarlega rétt við viðbein eða öxl. Samkvæmt framansögðu gæti það komið heim og saman við áverka yfir viðbeinum á hinum látna. Hann

sagði, að ákærði Sverrir Þór hefði þá um leið slegið manninn í höfuðið. Hefði maðurinn rotast, því að hann hefði fallið strax í gólfið og legið grafkyrr. Minntur á þetta fyrir dómi kvað hann sig minna þetta. Taldi hann, að höggið hefði komið ofarlega á höfuðið, en ekki myndi hann hvar. Þá minnti hann, að ákærði Sverrir Þór hefði haft orð á því, eftir að þeir komu heim til hans af Vegas, að hann hefði rotað einn mannanna. Ákærði Sigurpór staðfestir þá frásögn, en ekki aðrir, er þar voru. Stig mundi ekki eftir því að hafa séð nokkurn sparka í mann liggjandi í gólfinu.

Ákærði Sverrir Þór taldi fyrir dómi, að átökin hefðu byrjað milli ákærða Sigurpórs og Bjarna. Hann kvaðst hafa blandað sér í átökin á eftir Stig. Eggert hefði þá einnig verið kominn í átökin. Stig hefði eitthvað lent utan í þeim, er lést, en síðan tekið Eggert einhverjum glímütökum og skellt honum á bakið í gólfið. Eggert og Stig staðfesta átök sín í milli. Ákærði Sverrir Þór sagði, að sá, er lést, hefði eitthvað verið að reyna að bröлта á fætur, en þá hefði ákærði Sigurpór, sem hefði verið búinn að slíta sig lausan, sparkað aftan í höfuð hans og hann steinrotast. Þegar þeir hefðu komið heim á eftir, hefði ákærði Sigurpór sýnt það með leikrænum tilburðum, hvernig hann hefði gert þetta. Vitnið Birkir sagði fyrir dómi, að eitthvert spark hefði verið sýnt. Aðrir könnuðust ekki við það. Sjálfur kvaðst ákærði Sverrir Þór ekkert hafa komið nálægt manningum. Hann sagðist hafa fengið þungt högg á höfuðið og litið upp og hefði þá séð Eggert fyrir framan sig, og hefði hann kýlt hann á kinnina. Þessi framburður er ekki staðfestur af Eggert, sem ber fyrir lögreglu, að Stig hafi barið sig, eftir að hann var risinn aftur á fætur, og hefði hann ekki fallið við það. Ákærði Sverrir Þór mun hafa fengið glas í höfuðið, og lágu glerbrot á vettvangi, þegar rannsóknarlögreglan kannaði verksummerki daginn eftir atburðinn.

Starfsfólk staðarins sá ekki, hvernig maðurinn lenti í gólfinu, en vitnið Gunnar Ólafsson dyravörður kvaðst fyrir dómi hafa orðið var við eitthvert brothljóð í gleri og farið inn í sal og reynt að skilja menn. Hefði hann þá séð mann liggja á bakinu á gólfinu, og hefði hann tekið sér stöðu yfir manningum til að verja hann. Sæmilega hefði gengið að stilla til friðar, en áflogin þó haldið áfram, og taldi hann, að sá, sem í gólfinu lá, hefði fengið spark í sig frá einhverjum, sem stóð við vinstri hlið mannsins. Ákærði Sigurpór hefði verið

mjög æstur og gert sig líklegan til að ráðast á annan dyravörð. Þetta var staðfest af þeim dyraverði, Konstantinos Velegrinos. Sá vissi ekki, hver skaðaði manninn, sem lá eftir í gólfinu. Hann sagði, að maðurinn hefði legið á bakinu og höfuð hans verið við tvo stóla, sem voru við sviðið, og fæturnir snúið að borði, sem stóð við vegginn á móti. Mynd, sem ákærði Sverrir Þór hefur dregið af vettvangi, sýnir manninn liggja í sömu stefnu.

Á staðnum voru fjórir nemar, sem verið höfðu að lesa undir próf og voru nýkomnir. Höfðu þeir setið við sviðið nokkuð frá hinum, er átökin hófust, en við þau hvarf einn þeirra strax út, en hinir hörfuðu í átt að inngöngudyrum. Kváðust þeir hafa orðið vitni að átökunum, en sáu ekki upphaf þeirra. Vitnið Valur Rúnar Þorsteinsson kvaðst hafa séð einn mann sleginn niður. Hefði það verið maður í blárri skyrtu, og hefði þetta verið undir lok átakanna. Taldi hann, að maðurinn hefði fengið högg aftan við hægri eyra og hefði verið slegið með vinstri hendi. Ekki sá hann manninn standa upp, en sagði danspallinn hafa skyggt á og hann séð þetta yfir hann. Hann taldi, eftir að hafa séð myndir af ákærðu, að ákærði Sverrir Þór hefði slegið þennan mann. Vitnið Óskar Ragnar Jakobsson sagði hið eina, sem hann hefði séð, hafa verið, að maður var sleginn niður. Kvaðst hann hafa séð ákærða Sverri Þór gera það, en félagi hans, sá sem hvarf strax af vettvangi, hefði fyrr um kvöldið sagst þekkja ákærða Sverri Þór frá fornu fari og bent honum á hann. Hann var ekki viss um, hvar höggið lenti á manninum, en sagði, að það hefði ekki verið í andlit. Vitnið sýndi í réttinum högg, sem slegið var með hægri hendi og kom á vinstri hlið. Sagði hann, að höggið hefði verið með sveiflu. Hann taldi, að það hefði verið sá, sem lá eftir í gólfinu, er hann sá sleginn. Hann sagði, að maðurinn hefði legið á bakinu. Vitnið Björgvin Pálsson kvaðst ekki hafa séð annað en maðurinn, sem lést, hefði verið sleginn einu sinni. Hann gat ekki áttað sig á því í réttarsalnum, hvort það hefði verið annar ákærðu, sem sló manninn. Hann minnti, að sá, sem sló, hefði verið í einlitri skyrtu, en samkvæmt gögnum málsins var Stig Lauridsen hinn eini úr hópnum, er með ákærðu var, sem var í einlitri skyrtu. Hann sagði, að sá, er sleginn var, hefði fallið aftur fyrir sig beint á hnakkann. Höggið hefði komið á gagnauga vinstra megin.

III.

Af því, sem að framan er rakið, ber að fallast á það með héraðsdómi, að sannað sé, að hinn látni hafi látist af heilaskúmsblæðingu, sem hafi hlotist af höggi eða höggum á höfuð. Á höfði mannsins hafi ekki verið aðra ytri áverka að sjá en mar í hársverði á hnakka og blóðgúl undir höfuðleðri. Ekki hafi verið sýnt fram á, að áverkinn hafi hlotist af þungu höggi eða höggum á hnakkann, og nægjanlega sé fram komið, að slíkur áverki geti hlotist af tiltölulega vægu höggi. Þá skiptir máli, að hinn látni var mjög ölvaður.

Pótt sá framburður, sem rakinn hefur verið, sé ekki að öllu leyti markviss, þykir ekki varhugavert að telja fram komið, að báðir ákærðu hafi ásamt Stig Lauridsen ráðist á manninn. Þetta siðastgreinda vitni bar fyrir lögreglu og staðfesti í raun fyrir dómi, að ákærði Sverrir Þór hefði slegið manninn í höfuðið, og er það stutt af framburði vitnanna Vals Rúnars og Óskars Ragnars. Fær þetta stuðning af þeim framburði ákærða Sverris Þórs sjálfs, að hann hafi slegið einn félaganna, en þá ber til þess að líta, að Bjarni Guðmann kennir ákærða Sigurþóri um áverka á sér og Eggert kennir Stig um sína. Verður samkvæmt framansögðu að telja sannað, að ákærði Sverrir Þór hafi greitt manninum höfuðhögg, svo að hann féll í gólf-ið. Með framburði vitnisins Eggerts, sem hefur nokkurn stuðning af framburði vitnisins Gunnars Ólafssonar dyravardar, og þeirri fyrstu frásögn manna á staðnum, að sparkað hefði verið í höfuð hins látna, þykir einnig nægjanlega fram komið, að ákærði Sigurþór hafi síðan sparkað í höfuð mannsins, þar sem hann lá í gólfinu.

Af öllu framangeindu leiðir, að sannað telst, að ákærðu hafi báðir ráðist á þann, er lést, sem var svo ölvaður, að hann var ófær um að standa í átökum og verjast falli. Verður ekki talið öðrum til að dreifa, sem hafi getað valdið honum þeim áverka, sem leiddi hann til dauða. Ákærðu máttu búast við, að veruleg meiðsl gætu hlotist af árás þeirra. Þegar litið er til atlögu ákærðu og afleiðinga hennar, sem virða verður þeim til gáleysis, þykir atferli þeirra beggja varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt krufningarskýrslu og framburði krufningarlæknis, sem til er vitnað hér að framan, urðu afleiðingar atlögunnar afdrifaríkari en við mátti búast. Ber til þess að líta við ákvörðun refsingar.

IV.

Ákærði Sigurþór Arnarsson hefur frá árinu 1990 gengist undir sjö dómsáttir fyrir áfengislagabrot, umferðarlagabrot og fyrir líkamsárás. Þá hefur hann frá árinu 1990 hlotið sjö refsídóma fyrir þjófnað, fjársvik og líkamsárás. Fjórir dómanna eru fyrir líkamsárásir. Þá hlaut hann með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 23. maí 1997 sex mánaða fangelsi fyrir hegningarlagabrot. Sá dómur hefur verið staðfestur í Hæstarétti, og verður refsing hans nú hegningarauki við þann dóm, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Hann átti upptökin að þeim átökum, sem urðu á veitingahúsinu Vegas, og sá brotaferill, sem hér hefur verið rakinn, er alvarlegur. Þótt afleiðing árásar hans hafi orðið meiri en við mátti búast samkvæmt framansögðu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og þrjá mánuði. Frá henni ber að draga gæsluvarðhald hans frá 14. maí 1997 til 4. júní sama ár og frá 9. sama mánaðar til 19. september sama ár.

Staðfest er refsíákvörðun héraðsdóms, að því er varðar ákærða Sverri Þór Einarsson. Frá refsingu hans ber að draga gæsluvarðhald hans frá 14. maí 1997 til 4. júní sama ár og frá 9. sama mánaðar til 23. september sama ár.

Saksóknarlaun og málsvarnarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti ákveðast, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sigurþór Arnarsson sæti fangelsi í tvö ár og þrjá mánuði. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhald hans frá 14. maí 1997 til 4. júní sama ár og frá 9. sama mánaðar til 19. september sama ár.

Ákærði Sverrir Þór Einarsson sæti fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhald hans frá 14. maí 1997 til 4. júní sama ár og frá 9. sama mánaðar til 23. september sama ár.

Ákærði Sigurþór greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 550.000 krónur.

Ákærði Sverrir Þór greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 550.000 krónur.

Ákærðu greiði óskipt allan annan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 200.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i **Gunnlaugs Claessen**

Í niðurstöðu meiri hluta dómenda svo og í héraðsdómi eru raktar skýrslur vitna um atvik á skemmtistaðnum Vegas 13. maí 1997, er ákærðu og einn félagi þeirra veittust með barsmíðum að þremur mönnum, sem þar voru staddir, með þeim afleiðingum, að einn þeirra, sem fyrir árásinni urðu, lést sólarhring síðar. Þar er meðal annars lýst þætti ákærða Sverris Þórs í átökunum, en hann neitar sök í málinu. Þrátt fyrir það tel ég sannað, að hann hafi veitt þeim, er síðar lést, hnefahögg í höfuðið aftanvert, sem felldi hann í gólfið, þar sem hann lá hreyfingarlaus eftir það. Ákoma var ofarlega á hnakka mannsins. Tel ég, að leggja beri til grundvallar dómi, að þessi atлага ákærða Sverris Þórs hafi leitt til dauða mannsins. Með hliðsjón af 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 er ég sammála öðrum dómendum um, að refsing þessa ákærða skuli vera fangelsi í tvö ár.

Ákærði Sigurþór neitar einnig sök. Eitt vitni ber staðfastlega, að það hafi séð þennan ákærða sparka í höfuð þess, er lést, þar sem hann lá á gólfinu. Annað vitni, dyravörður á Vegas, bar fyrir dómi, að það hefði séð einhvern sparka í manninn, þar sem hann lá á gólfinu. Lýsti vitnið þessu svo, að því hefði fundist þetta vera spark, en gat hvorki tjáð sig um, hver sparkaði né hvar höggið hefði lent í líkama hans. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 14. maí 1997 gat vitnið þessa atriðis ekki. Við aðra skýrslutöku hjá lögreglu tveim dögum síðar er skráð eftir vitninu: „Þetta voru slagsmál, þar sem hann sá hendur að berja og fætur að sparka, en hann getur ekki greint á milli, hver barði hvern eða hvort einhver sparkaði í einhvern.“ Að öllu virtu geta sakargiftir í málinu ekki fengið stoð í framburði þessa vitnis. Ég tel, að ákæruvaldinu hafi ekki tekist að sanna með fullnægjandi

hætti sök ákærða Sigurþórs og því beri að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu hans í málinu.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. september 1997.

Ár 1997, föstudag 19. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni, héraðsdómara og dómsformanni, ásamt héraðsdómurinum Arngrími Ísberg og Sigríði Ólafsdóttur, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 530/1997: Ákærvaldið gegn Sverri Þór Einarssyni og Sigurþóri Arnarssyni, sem tekið var til dóms 10. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 15. júlí 1997 sl., á hendur ákærðu, „Sverri Þór Einarssyni, Rauðagerði 54a, Reykjavík, fæddum 2. maí 1962, fæðingarnúmer 463, og Sigurþóri Arnarssyni, Hraunbæ 58, Reykjavík, fæddum 17. ágúst 1971, fæðingarnúmer 529, fyrir stórfellda líkamsárás, sem leiddi til dauða.

Ákærða Sverri Þór er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudags 13. maí 1997 laust fyrir klukkan 1.00 á veitingastaðnum Vegas, Frakkastíg 8, Reykjavík, ráðist að Sigurði Sigurmundssyni, kt. 100371-3169, og veitt honum þungt högg aftanvert á höfuð, svo að hann féll á gólfið meðvitundarlaus. Ákærða Sigurþóri er gefið að sök að hafa síðan sparkað í höfuð Sigurðar, er hann lá á gólfinu. Sigurður var fluttur á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, og fóru þar fram endurlífgunartilraunir og síðan gerð höfuðaðgerð á heila- og taugaskurðdeild sjúkrahússins. Sigurður Sigurmundsson var úrskurðaður látinn kl. 0.10 14. maí 1997, og var dánarorsök útbreidd heilaskúmsblæðing.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík var tilkynnt um líkamsárás á skemmtistaðnum Vegas, sem er á horni Laugavegar og Frakkastígs, kl. 0.57 aðfaranótt þriðjudags 13. maí sl. Þegar lögreglumenn komu á vettvang, lá meðvitundarlaus maður í sófa innst í húsnæðinu. Var lögreglumönnum sagt, að hann hefði verið sleginn í höfuðið. Gerðar voru ráðstafanir til þess að flytja manninn, Sigurð Sigurmundsson, kt. 100371-3169, á sjúkrahús, þar sem hann virtist þungt haldinn. Var lögreglumönnum sagt, að fjórar persónur, þrír karlar og ein stúlka, hefðu veist að manninum, slegið hann, tuskað hann til og sparkað í höfuð hans. Sá, sem mest hefði haft sig í frammi, væri kallaður Silli. Þá hefði fólkið barið tvo félaga mannsins, svo að séð hefði á þeim, og síðan horfið á braut.

Þegar farið var með Sigurð í sjúkrabíl á slysadeild, var hjarta hans hætt að slá og hann hættur að anda. Sjáöldur voru við og ljósstíf. Við lífgunar-tilraunir í bílnum fór hjartað að slá að nýju, en við komu á deildina voru sjáöldrin enn við og ljósstíf. Ekki var að sjá aðra áverka á honum við fyrstu skoðun en smáblóðkúli aftan á hnakka. Við skoðun í sneiðmyndatæki sást hins vegar útbreidd heilaskúmsblæðing. Var þegar gerð á honum heila-aðgerð, en ekki tókst að bjarga lífi hans, og lést hann sólarhring eftir at-burðinn.

Skemmtistaðurinn Vegas er á fyrstu hæð húsnæðis, sem heyrir til Lauga-vegi 45 og Frakkastíg 8. Er gengið inn í hann af horninu. Þar er forstofa fremst ásamt fatahengi og miðasölu. Nokkur þrep liggja niður í sjálfan sal-inn. Salurinn er aflangur og ríflega tuttugu metrar á lengd. Fyrir enda hans er pallur í tveggja þrepa hæð með tveimur leðurklæddum sófum og stól. Þá eru þar lítill sófaborð. Fremri hlutinn af palli þessum er þó í eins þreps hæð, og þar er lítill bar við vegginn til hægri. Fyrir framan barinn og nærri mið-línu salarins eru tvö laus borð og stólar. Í innri helmingi salarins vinstra megin, á móts við þessi húsgögn og í um þriggja metra fjarlægð, er rúmlega eins metra hár danspallur fyrir dansmeyjar að sýna gestum list sína. Pallur þessi er nokkuð óreglulegur í lögun, en þó helst á lengdina, tólf metrar. Ut-an á pallinum er 31 cm breið hilla eða borð, sem setið er við, og við hana og meðfram pallinum er raðað lausum stólkollum fyrir gesti. Innan við dans-pallinn og áfastur honum er klefi eða búr, og er þaðan stýrt hljóðkerfi húsnæðisins. Þar fyrir innan er herbergi, búið húsgögnum. Við ljósabúnað húsnæðisins er það að athuga, að lýsingin er almennt dauf. Þá eru bæði tifandi og litaðir ljóskastarar, og einnig eru bláleit flúorljós, sem gefa sumum litum annarlegan blæ. Gólfteppi er á salargólfinu og pallinum innst í salnum.

Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði, krufði lík Sigurðar heitins, og segir m. a. eftirfarandi í skýrslu hans um þá rannsókn:

„Höfuð og miðtaugakerfi: . . . Á höfuðleðrinu innanverðu, svarandi til hnakka og hnakkagrófar, er blóðgúll (hematoma), svarandi til áverka, sem lýst er á yfirborði hörundsins, og mar, sem spannar 12×6 cm. Kúpubeinin eru óbrotin . . . Þykku heilahimnurnar hjúpa heilann með eðlilegu móti, en undir mjúku heilahimnunum (heilaskúm – arachnoidea) er blæðing, sem fylgir æðunum yfir heilahvelið, en er mest umhverfis heilastofninn, þar sem blóðið myndar þéttan kökk. Heilinn vegur með blóðinu 1605 g, og er heilavefurinn sollinn og fremur meyr. Ljóst var, að fyrir lá þekkt réttarlæknis-fræðilegt vandamál, að greina milli blæðingar af völdum sjúkdóms eða áverka, og því var blóðið þvegið af, og sést þá, að heilaæðar eru þunnveggja og eðlilegar, og greinist enginn heilagúll. Heilavefur er mjög meyr, svo sem

jafnan er við heiladauða, og er heilinn því látinn fljóta í vatni við rannsókn og hreinsun blóðsins, en engar loftbólur fást fram við blástur æða, sem bendi til rofs. Heilinn er síðan látinn í heilu lagi í formalín til herslu, til þess að ýtarleg heilarannsókn megi fara fram.

Smásjárskoðun: . . . Sneið úr pectoralis-vöðva við viðbein sýnir nýlega blæðingu (mar).

Samkvæmt niðurstöðum réttarefnafræðilegra rannsókna (Rannsóknastofa í lyfjafræði, Háskóla Íslands), sem hér fylgja með í ljósriti, var gerð lyfjamæling á blóðsýni, sem tekið var í Sjúkrahúsi Reykjavíkur um það bil fjórum klst. eftir, að maðurinn fannst meðvitundarlaus í klúbbnum Vegas. Á blóðglasið er skráð, að sýnið hafi verið tekið kl. 5.09. Við mælingu fannst etanól, 1,67‰, og einnig fundust svæfilyf og verkjalyf í manningum, en þau svara til þeirra lyfja, sem maðurinn fékk eftir komu á sjúkrahúsið.

Fyrir liggja sjúkraskrá mannsins frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og myndgreining af hálsi, heila, og lungum (rtg-myndir). Er háls eðlilegur að sjá (hliðarmyndir). Myndir af höfði (CT) sýna heilaskúmsblæðingu, og blóð í heilahólfum og lungnamyndir sýna byrjandi bólgu. Ekki var gerð skuggaefnisrannsókn á heilæðum í Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Ályktun: Samkvæmt því, sem segir í lögregluskýrslum, svo og því, sem fannst við krufningu og réttarefnafræðilega rannsókn, má álykta sem hér segir:

Krufning leiddi í ljós, að banamein mannsins var blæðing undir mjúku heilahimnuna (heilaskúmsblæðing). Hann var með mar í hársverði í hnacka og blóðgúl undir höfuðleðri. Má álykta, að áverkni þessi hafi getað stafað af ákomu (t. d. sparki, höggi eða við fall), sem hafi valdið hnykk á heila með rofi í slagæð og blæðingu. Ýtarleg taugameinafræðileg rannsókn Hannesar Blöndal prófessors sýndi ekki sjúkleika sem undirrót blæðingarinnar (sjá heilarannsóknaskýrslu). Hann hefur verið mjög ölvaður á þeim tíma, sem hann er sagður hafa hlotið höfuðáverkann. Við krufninguna fundust áverkar yfir viðbeinum og á hægri framhandlegg, sem geta stafað af átökum, en eru ekki þess eðlis að hafa verið meðverkandi í dauða hans. Hann bar merki um heiladauða, svo sem staðfest hafði verið af læknum Sjúkrahúss Reykjavíkur, svo og voru merki um tilraunir til þess að létta þrýstingi af heilanum. Einnig höfðu nýru mannsins verið fjarlægð. Í lungunum var blettalungnabólga, svo sem tíðum sést við heiladauða.

Greinargerð og rökstuðningur ályktunar: Vel er þekkt í réttarlæknisfræðum, að áverkni á höfuð, einkum í hæð við kúpubotninn, getur framkallað heilaskúmsblæðingu, t. d. við hnefahögg aftan við eyra, og hið sama á einnig við um ákomu annars staðar á höfuð. Við hnykkinn myndast tog, sem

getur myndað lítið rof í slagæð, er getur verið torvelt eða ógerlegt að finna, svo sem gerðist í þessu tilviki. Þekkt er einnig, að sjúkdómar (æðagúll eða önnur skemmd í æð) geta leitt til blæðingar svipaðrar útlits og þeirrar, sem hér fannst, en í slíkum tilvikum leiðir ýtarleg heilarannsókn nær ávallt í ljós skemmdina í æðinni og blæðingarstað. Í annan stað hefur heilaskúmsblæðing af völdum sjúkdóms nær alltaf aðdraganda með einkennum, sérstaklega höfuðverk. Má þá einnig oft sjá merki þess, að blæðing hafi tekið nokkurn tíma, og finnst þá merki um eldra blóð en hina bráðu blæðingu (niðurbrotsblóð). Slíku var ekki til að dreifa hér. Gerð var íturrannsókn á æðakerfi, og kom ekki fram neitt, sem benti til sjúkdóms (poka eða æðagalla), og heilavefur bar ekki merki annarra sjúkdóma en þeirra, sem gerðust, eftir að maðurinn hlaut heilaskaðann.

Af etanól-mælingum, sem gerðar voru á blóðsýni, er tekið var kl. 5.09, má álykta, að maðurinn hafi verið mjög ölvaður, þegar átökin urðu á skemmtistaðnum Vegas, sbr. álitserð Þorkels Jóhannessonar prófessors, dags. 10. júní 1997. Þekkt er, að áfengisáhrif stuðla að blæðingu af þessu tagi, þar eð vöðvaslappleiki veitir ekki viðnám við þeirri sveiflu, sem komið getur á höfuð við ákomu, svo og verður mikil aukning á blóðflæði um heilaæðar við áfengisáhrif, sem eykur áhættuna á rofi og blæðingu frá því.“

Prófessor Gunnlaugur hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu um rannsóknina. Kom fram hjá honum, að ekkert annað hefði komið í ljós við þessa krufningu en að þarna væri um að ræða rof á æðum vegna áverka, enda þótt blæðingarstaðurinn myndist ekki. Áverki hefði verið á hnakka, og væri langlíklegast, að þar hefði megináverkin komið, og reyndar hefði enginn annar áverki fundist á höfði mannsins. Mjög erfitt væri að segja, hversu þungt höggið hefði verið. Hins vegar væri vitað, að tiltölulega væg högg gætu valdið blæðingum af þessu tagi. Í þessu tilviki væri ekki hægt að segja til um hvers eðlis höggið hefði verið. Aðspurður sagði prófessorinn það fremur ólíklegt, að högg með opinni hendi eða lófa hefðu valdið áverknum, miðað við ytri áverkann, og frekar hefði hann komið eftir nokkuð harðari flöt. Þá sagði hann heilaskúmsblæðingu vera blæðingu undir heilahimnurnar, sem umlykja heilann.

Eftir ábendingu vitna var ákærði Sverrir Þór handtekinn á heimili sínu næsta dag, en ákærði Sigurþór gaf sig fram við rannsóknarlögreglu sama dag. Allviðamikil lögreglurannsókn hefur farið fram í málinu og leitt til þess, að mál var höfðað á hendur ákærðu. Hafa þeir sætt gæsluvarðhaldi fram til þessa. Meðal þess, sem tekið hefur verið til rannsóknar, eru skór þeir, sem ákærði Sigurþór var í umrætt kvöld. Þeim er lýst svo, að þeir séu svartir, uppháir, reimaðir klossar með stáltá og harðplastshlíf yfir rist.

Klossarnir voru vegnir, og reyndist sá vinstri vera 883 grömm, en hinn hægri 908 grömm. Við smásjárskoðun fannst hvorki blóð né hár á þeim, og var það niðurstaða tæknideildar RLR, að ekkert hefði fundist á þeim, er tengja mætti málinu.

Fyrir liggur, að ákærðu og Þuríður Björg Birgisdóttir, kona ákærða Sverris Þórs, Birkir Herbertsson og Stig Lauridsen urðu samferða á skemmtistaðinn Vegas mánudagskvöldið 12. maí sl. og komu þangað eitt-hvað fyrir miðnætti. Verður nú gerð grein fyrir skýrslum ákærðu og vitna fyrir dómi við aðalmeðferð málsins, en ákærðu hafa eindregið neitað því að hafa veitt Sigurði heitnum áverka.

Ákærði Sverrir Þór hefur sagt, að hann hafi setið við borð innst í salnum, hægra megin við barinn. Með honum við borðið hafi setið kona hans og maður að nafni Stig. Við hilluna utan á dansspallinum hafi setið menn. Einn þeirra, Sigurður, hafi verið mest ölvaður. Hann hafi setið inn undir plötusnúðsbúri og nánast legið fram á hendur sér. Auk Sigurðar hafi setið þarna Birkir Herbertsson, Bjarni (Guðmann Emilsson) og Eggert (Pétursson). Komið hafi til einhverra orðahnippinga með Sigurði og Birki út af öskubakka, sem þeir hafi verið að togast á um. Sigurþór Arnarsson hafi svo komið að og sest við hliðina á Birki, þ. e. á milli Birkis og Bjarna. Einhverjar hnippingar hafi orðið þarna á milli Sigurþórs og Sigurðar. Hafi Bjarni stungið þumalfingri í bak Sigurþóri og spurt hann, hvort það væri ekki í lagi með hann, og beðið hann að hætta þessu eða eitthvað slíkt. Sigurþór hafi gert hið sama við Bjarna, og svo hafi þetta gengið á víxl, svona tvisvar eða þrisvar. Allt í einu hafi Sigurþór sprottið á fætur og nokkuð örugglega skallað Bjarna á höfuðið. Þeir hafi svo farið að slást í miklum látum og Sigurður eitthvað blandast inn í það. Þeir Birkir hafi eitthvað reynt að hemja þá tvo. Þetta hafi borist nær borðunum hjá þeim hinum, ákærða, Stig og konu ákærða. Næst hafi það gerst, að Sigurður hafi farið sviðs megin fram hjá Bjarna og Sigurþóri og verið kominn um „hálfra leið“. Eggert hafi einnig sprottið upp og þeir Sigurður mæst „cirka um miðjan veg“. Þá hafi Stig sprottið á fætur og rokið fram hjá sér, ákærða Sverri Þór hægra megin og utan í Sigurð. Kveðst ákærði hafa talið, að hann hefði slegið Sigurð, en þó ekki séð það. Stig hafi svo tekið Eggert hálstaki og skellt honum á bakið. Þá hafi allir fallið í gólfið. Sigurður hafi verið að reyna að bróltta á fætur. Þá hafi Sigurþór verið búinn að rífa sig lausan frá Eggerti. Hafi Birkir eitthvað verið að reyna að hemja hann, en Sigurþór sparkað með tanni fast í hnakka Sigurði, sem hafi verið á fjórum fótum og að skríða á fætur. Hafi Sigurður steinrotast við þetta og fallið líklega á grúfu. Þá hafi Eggert, sem Stig hafði í hálstaki, gargað: „Sleptu mér, eða ég drep þig,“ – eða eitthvað slíkt, rífið

síð lausan og á fætur og stefnt beint inn í hrúguna hjá Birki. Birkir hafi staðið þarna svo og Bjarni, en Sigurþór farið að berja aftur á Bjarna. Ákærði segist hafa ætlað að stökkva þar á milli, því að Birkir hafi verið með gleraugu, og sér ekkert litist á blikuna lengur. Þá hafi hann fengið högg á höfuðið, litið upp og séð, hvar Eggert hafi staðið fyrir framan sig, og kveðst hann hafa kýlt Eggert á kinnina. Þá hafi hann heyrt öskrað fyrir aftan sig: „Geturðu aldrei verið til friðs?“ Þá hafi dyravörður verið kominn inn og „stampað“ Sigurþóri, skellt höndunum á brjóstkassann á honum, þannig, að hann hafi kastast inn í stóla og borð fyrir aftan hann, einu sinni eða tvisvar, og að lokum skellt honum alveg upp að barnum, en þá dottið sjálfur. Ákærði kveðst þá hafa tekið Sigurþór í fangið og rífið hann með sér fram. Þá hafi átökin verið um garð gengin, en þau hafi ekki staðið í meira en tíu sekúndur. Þau hafi svo farið eftir þetta heim til ákærða. Þar hafi Sigurþór sagt og sýnt með leikrænum tilþrifum: „Sáuð þið, hvernig ég dúndraði hann?“ og sparkað út í loftið. Sigurþór hafi svo sofnað af ölvun, en þau hin „grillað“ pylsur og eitthvað fleira og farið í heita pottinn.

Ákærði segir annars, að aðalslagurinn hafi fyrst verið á milli Bjarna og Sigurþórs, sem hafi tryllst algjörlega. Hafi Sigurður virst verða fyrir minnstu skakkaföllunum, og kveðst ákærði ekkert hafa veist að honum. Ákærði kveðst hafa verið í köflóttri vinnuskyrtu eða utanyfirskyrtu. Hann kveðst þó ekki vera viss um þetta. Segir hann rannsóknarlögreglumenn hafa klætt sig í einhverja skyrtu, sem þeir héldu fram, að hann hefði verið í. Sjálfur hefði hann haldið, að hann hefði verið í skyrtunni, sem hann var í undir. Þeir hafi hins vegar fullyrt við sig, að hann hefði verið í hinni. Hann hafi ekkert verið „að þæla í því“ og væri ekki viss um þetta.

Ákærði Sigurþór hefur sagt, að þau hafi sest við borð við innri barinn þarna á staðnum, eftir að þau komu inn. Þá segist hann muna eftir þeim Sverri Þór og Birki við sviðið. Muni Birkir hafa setið, en Sverrir Þór staðið. Sverrir Þór hafi svo komið til baka að borðinu, og segist ákærði þá hafa farið og sest við sviðið. Birkir hafi setið næst plötusnúðnum, en við hlið hans hafi verið auður stóll. Þar næst hafi verið Sigurður, Bjarni og svo Eggert. Telur hann sig hafa sest á auða stólinn milli Birkis og Sigurðar. Einhver leiðindi hafi byrjað á milli ákærða og Sigurðar. Hafi Birkir þá sagt: „Hann er eitthvað ruglaður, þessi,“ og átt við Sigurð. Eitthvað muni hafa gengið á þarna á undan. Sigurður hafi ýtt í sig og hann ýtt á móti. Einhver orð hafi farið á milli þeirra og Bjarni sagt eitthvað líka. Sigurður hafi tekið á sér og hann á honum. Kveðst ákærði hafa staðið upp og ýtt við Sigurði og þá fundið, að hann slóst frá sér. Þeir hafi þó ekkert slegið hvor til annars. Einhver, – ákærði heldur, að það hafi verið Sverrir Þór, – hafi komið að. Sjálfur

hafi hann snúist í hálfhring og lent í átökum við Bjarna. Hafi Bjarni tekið sig hálstaki, og kveðst ákærði þá hafa slegið frá sér eins og í fálmi. Kveðst hann hafa dottið í gólfið og orðið mjög æstur. Mjög fljótlega eftir það hafi dyravörður komið aðvífandi og þeytt sér þarna yfir borð og hann dottið þarna inn fyrir, inn í salinn. Kveðst ákærði ekki hafa séð, þegar Sigurður var sleginn, og hann neitar því að hafa sparkað í hann. Á leiðinni heim til Sverris Þórs og eftir að þangað var komið, hafi Sverrir Þór sagst hafa steinrotað Sigurð. Hafi verið rætt um þetta í bílnum á leiðinni, í húðflúrsvinnustofu Sverris Þórs og í heita pottinum. Segir ákærði þau hafa grillað sér pylsur hjá Sverri. Hann kveðst hafa farið í heita pottinn hjá Sverri ásamt þeim Stig, Birki og Þuríði Björgu. Hafi Stig verið að segja þeim sögur frá Danmörku. Hann segir hafa svisfið á sig í pottinum og hann orðið dauðþreyttur og lagst í stólinn í vinnustofunni og dottað. Ákærði kveðst hafa verið í langröndótttri skyrtu og gulum bol í Vegas. Fyrir um kvöldið hefði hann farið úr skyrtunni og verið bara á gulum stuttermabol. Hann muni ekki, hvort hann hafi verið kominn í skyrtuna aftur, þegar átökin urðu. Þá hafi hann verið í dökkum eða gráum buxum. Sverrir Þór muni hafa verið í svipaðri skyrtu, en þverröndótttri, og svörtum gallabuxum. Ákærði segir það rangt, að hann hafi sofnað ölvunarsvefni, eftir að þau komu til Sverris Þórs, og ekki farið í heita pottinn. Hann hafi ekki verið mjög ölvaður og ekki búinn að drekka mikið, en drukkið örlítið hjá Sverri Þór.

Birkir Herbertsson, sem fyrir er nefndur, hefur skýrt frá því, að þau Sigurþór, Sverrir Þór, Þuríður Björg og Stig hafi komið í Vegas rétt fyrir miðnætti. Þau hafi sest við borð og fengið sér að drekka eins og aðrir. Hann kveðst hafa veitt því athygli, að þarna voru einhverjir drengir, áberandi ölvadír, en ekkert þannig, að það kæmi sér neitt við. Síðar hafi hann fært sig að danspallinum til þess að fylgjast með dansi, sem þar fór fram. Hafi hann setið nær alveg úti í horni hjá búri, þar sem músíkinni er stjórnað. Einn auður stóll hafi verið fyrir innan sig hægra megin og einn eða tveir auðir stólar vinstra megin. Þá hafi einhverjir setið á vinstri hönd sér, meðfram sviðinu. Næst muni hann, að hægra megin við sig hafi verið kominn ungur drengur, áberandi ölvaður, og ætlað að fara að teygja sig í glas sitt eða sígarettunnar eða eitthvað. Kveðst hann tvisvar hafa beðið piltinn að láta sig í friði. Meira hafi þeim ekki farið á milli, en pilturinn staðið upp og fært sig vinstra megin við sig, einu eða tveimur sætum frá, og sest þar niður. Í þessu hafi Sigurþór komið og sest á milli sín og Sigurðar og hafi byrjað eitthvað að atast í piltunum, sem sátu þar. Kveðst Birkir hafa beðið Sigurþór að láta þessa drengi í friði, því að þeir væru bara fullir og vitlausir. Hann hefði ekki sinnt því og haldið áfram að atast í þeim. Hafi það endað með

því, að þeir hafi rokið saman, Sigurþór og Sigurður, og lent í gólfinu. Við þetta kveðst Birkir hafa hrotið aftur á bak af óstöðugum kollinum. Næst hafi sér sýnst Sverrir Þór stökkva til þess að stilla til friðar eða reyna það. Í því hafi komið vinir Sigurðar tveir, sem höfðu setið þarna með honum, og hafi Sverrir Þór snúið sér að þeim. Hafi hann ekki séð betur en Sverrir Þór og Stig væru í einhverjum átökum eða fangbrögðum við þessa tvo vini Sigurðar. Úr þessu hafi orðið einhverjar ryskingar og dyraverðir komið hlaupandi. Allt hafi þetta þó tekið mjög skamman tíma. Hann kveðst ekki hafa séð, hvernig það vildi til, að Sigurður féll í gólfíð. Sjálfur hafi hann ákveðið að koma sér strax út og orðið fyrstur fram í fatahengi og náð í jakkann sinn. Síðan hafi þau haldið burt af staðnum. Þau hafi eitthvað rætt atburðinn, eftir að þau voru komin út, en hann kveðst ekki hafa treyst sér til þess að rekja það nákvæmlega. Hann kveðst ekki kannast við, að Sverrir Þór hafi sagst hafa slegið manninn. Hann segir, að Sigurþór hafi verið að sýna einhver spörk og handahreyfingar heima hjá Sverri Þór. Birkir segir, að þeir þrír hafi allir verið í stórum, mynstruðum skyrtum, sem hann hefði keypt á þá, Sigurþór í langröndótttri og Sverrir Þór í þverröndótttri. Eftir að heim til Sverris Þórs var komið, hafi þeir grillað pylsur og hann svo farið í heita pottinn. Hann sé ekki viss, hvort Sigurþór hafi farið í pottinn, enda segist hann hafa farið seinna en aðrir. Hann segir menn hafa verið við skál og Sigurþór sofnað ölvunarsvefni inni í stofu hjá Sverri Þór.

Birkir hefur verið spurður, hvers vegna ekki hafi komið fram hjá honum við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, við hvern Sigurþór hafi átt orðaskipti, og ekki heldur lýsing á þeim manni, sem Sigurþór var að kljást við. Gefur hann þá skýringu á því, að hann hafi slæma reynslu af Rannsóknarlögreglu ríkisins, svo að hann hafi farið „mjög varlega í það að tjá það, sem hann vissi“. Segir hann rannsóknarlögreglumennina hafa yfirheyrt sig þannig, að þeir hafi reynt að rugla sig í ríminu með ýmislegt og hann farið sér varlega í að gefa skýrslu. Þá hefur hann verið spurður út í það, sem segir í lögregluskýrslu hans, að sig rámaði í, að Stig hefði talað um það heima hjá Sverri Þór, að hann hefði sparkað í hausinn á einhverjum, sem hann hefði lent í átökum við. Segir hann, að hafi hann sagt þetta, hljóti það að vera rétt. Þá hefur hann einnig verið spurður út í það, sem segir í sömu lögregluskýrslu hans, að hann rámaði í, að Sigurþór hefði sýnt þeim, hvernig hann sparkaði í höfuð manns, sem hefði legið eftir það. Kveðst hann muna, að Sigurþór hafi sýnt þetta. Hefur hann gefið þá skýringu á því, að hann myndi þetta betur nú, að hann hefði tekið þá ákvörðun að „fara frekar varlega“ í vitnisburði sínum hjá rannsóknarlögreglunni, af því að lögreglumennirnir spyrdu þannig, að þeir reyndu að tengja „mann beint við einhver

atvik og annað slíkt“. Nú væri hann hins vegar að skýra satt og rétt frá. Hann hefur einnig verið spurður, hvað það hafi verið nákvæmlega, sem Sigurþór hafi verið að sýna með þessum tilburðum. Kveðst hann ekki vita það, af því að hann hafi ekki heyrt orðaskil milli þeirra Stigs og Sigurþórs, en þeir hafi verið að tala saman og hann ekki heyrt það nákvæmlega. Hann hafi enda ekki verið að gefa því gaum. Sigurþór hafi sýnt leikræna tilburði og sveiflað fótunum upp og lamið höndunum út í loftið.

Puríður Björg Birgisdóttir, kona Sverris Þórs, hefur einnig sagt, að atburðirnir hafi gerst afar hratt. Hún kveðst hafa setið og talað við mann sinn, eftir að aðrir hafi verið farnir frá borðinu. Einhverjir pústrar hafi gengið á milli manna og þeir verið að ýta hver við öðrum. Það hafi þó ekki verið, fyrr en Sverrir Þór hefði stokkið frá borðinu, að hún hefði orðið vör við, að það væru orðin einhver áflog þarna. Þegar hún hefði litið við, hefði hún séð hann toga þarna í félagi Sigurðar, sem hefði eins og legið hálfpartinn ofan á Sigurþóri. Hún kveðst ekki hafa séð neinn sparka eða slá Sigurð. Hún segist hafa farið út úr þvögunni, um leið og hún hafi séð, að það voru átök. Um leið og hún var komin út úr henni og hafði snúið sér við, hefðu dyraverðirnir verið komnir og þetta verið búíð um leið. Hefðu þau flýtt sér í burtu. Ekkert hefði verið rætt um þetta á leiðinni heim til þeirra Sverris Þórs og hún farið beint að sofa, þegar heim kom. Puríður Björg segir ákærðu og Birki hafa verið í nýjum skyrtum, litsterkum. Hafi skyrtur ákærðu verið röndóttar, en Birkis köflótt. Hún neitar því að hafa sagt við Sigurþór og sambýliskonu hans, Sunnu Miriam Sigurðardóttur, að Sverrir Þór væri höggþungur.

Ólafur Elvar Stefánsson var við afgreiðslustörf við barinn innst inni í sal, þegar átökin hófust. Segist hann hafa litið upp og séð tvo menn standa hlið við hlið og berja frá sér niður. Ekki hafi hann séð, hvern eða hvað þeir hafi verið að berja frá sér. Vitnið hefur séð ákærðu í réttarsalnum og segist vera alveg viss, að þeir séu mennirnir, sem hafi verið að berja frá sér. Hann kveðst hafa hlaupið fram fyrir barinn og inn í herbergi og kallað á dyra-vörð, sem þar hafi verið. Þegar hann hafi komið aftur, hafi þessir tveir einnig verið komnir í átök við aðra tvo menn. Segist hann þá hafa hlaupið til og gengið á milli mannanna, en séð, að maður lá á bakinu á gólfinu einmitt á þeim stað, sem mennirnir stóðu. Þá hafi áflogin hætt og dyraverðirnir komið mjög fljótt. Vitnið hefur skoðað númeraðar ljósmyndir, sem teknar voru skömmu eftir atburðinn af Sverri Þór Einarssyni, Sigurþóri Arnarssyni, Eggerti Péturssyni og Bjarna Guðmanni Emilssyni. Segir hann, að Sverrir Þór hafi verið í átökum við mann á mynd nr. 2 (Eggert) og slegið hann niður fljótlega, og hafi hann ekki gert sig sérlega líklegan til þess að slá frá sér,

eftir að hann var sleginn niður, og verið hálfur kominn upp á danspallinn. Kveðst Ólafur Elvar hafa haldið Sverri Þór frá með annarri hendi, en haldið hinum niðri með hinni. Þegar sá hafi reynt að standa upp, hafi sér verið hrint frá og hann verið sleginn aftur. Kveðst vitnið þá hafa gengið aftur á milli þeirra. Sigurþóri hafi lent saman við mann á mynd nr. 6 (Bjarna Guðmann), en dyraverðir stöðvað það fljótlega og Sigurþór verið yfirbugaður. Vitnið segist ekki hafa séð Sigurþór sparka, en hann hafi slegið frá sér. Þá segir vitnið, að stelpa hafi sagt: „Komum okkur út, komum okkur út, við skulum drífa okkur út!“, og hafi þá öll hersingin farið út og Sverrir Þór rek- ið lestina.

Vitnið Bjarni Guðmann Emilsson var, eins og fram er komið, með fé- lögum sínum, Sigurði heitnum og Eggerti, í Vegas, þegar atburðirnir urðu. Segir hann þá þrjá hafa setið við danspallinn, þegar þar hafi komið maður upp að Eggerti, sem setið hafi við hliðina á sér vinstra megin, og farið „eitthvað að rövla í honum“. Maðurinn hafi svo komið að sér og sagt eitthvað um sig, en hann muni ekki hvað. Þá hafi hann farið „að rövla við Sigga“, sem hafi verið nýsestur þarna við pallinn. Hafi þetta verið ákærði Sigurþór, sem vitnið hefur borið kennsl á. Vitnið segist hafa spurt, hvort „það væri ekki í lagi“, og muni hinn hafa spurt eins á móti og þetta gengið svo í smá- stund eða þangað til vitnið segist hafa fengið högg á augað frá þessum manni. Telur hann sig hafa vankast við þetta högg og fallið í gólfið, og man hann eftir því að hafa stutt sig við dansgólfið. Þegar hann hafi verið að skreiðast á fætur, hafi fleiri högg dunið á sér. Telur hann, að aðrir menn hafi þá verið búnir að blanda sér í átökin, af höggunum að dæma, sem hann fékk. Þegar hann hafi svo snúið sér við, hafi hann séð Sigurð liggja á bakinu á gólfinu. Eggert hafi eitthvað skrámast í þessum átökum. Vitnið segist ekki hafa séð, þegar þeir Sigurður og Eggert voru slegnir, og hann hafi eng- an séð sparka í Sigurð heitinn.

Vitnið Þorkell Arnar Egilsson var við störf sem dyravörður í Vegas, þeg- ar atburðirnir urðu þar. Hann segist hafa verið í eldhúsinu, þegar hann hafi heyrt plötusnúðinn kalla í hátalarakerfið, að ef þessi læti hættu ekki, myndi hann stöðva sýninguna. Kveðst hann þá hafa hraðað sér fram og séð, að upphot hafði orðið og flestir gestanna á staðnum staddir þarna í einu horni salarins. Hafi nokkrir menn verið á fótum og á leiðinni út. Hann kveðst hafa farið beint í þvöguna og séð, að maður lá á gólfinu. Hafi átökin þá ver- ið um garð gengin. Vitnið segir mann þennan hafa sofnað í sófa innst í saln- um fyrr um kvöldið og hafa vakið hann. Þetta hafi verið lítill, grannvaxinn strákur og enginn bóguur og enda ofurölvi. Hann hefði verið búinn að sitja þarna allt kvöldið með stúlku og verið þrúður. Vitnið segir, að eftir átökin

hafi þeir tekið manninn og lagt hann í sama sófann, en hann kveðst hafa álitnið manninn vera vindaðan, og ekkert hefði séð á honum.

Vitnið Gunnar Ólafsson var dyravörður í Vegas, þegar atburðirnir urðu þar. Hann segist hafa verið staddur frammi við dyr, þegar hann hafi heyrt brothljóð í gleri innan úr sal og orðið þess vís, að eitthvað gekk þar á. Hann hafi farið inn í sal og séð hrúgu af mönnum, sem voru að kýla út í loftið. Hann kveðst hafa vaðið beint í hrúguna og reynt að skilja menn að. Hann hafi þá séð, að maður lá á bakinu á gólfinu. Kveðst hann hafa tekið sér stöðu yfir honum til þess að verja hann. Hann segist ekki hafa séð, hvernig það bar til, að maðurinn lenti í gólfinu. Sæmilega hafi gengið að stilla þarna til friðar, en þó hefðu menn haldið áfram að slást, að hann telur, og eins telur hann, að sá, sem á gólfinu lá, hafi fengið spark í sig frá einhverjum, sem stóð við vinstri hlið mannsins. Hann kveðst ekki gera sér grein fyrir, hvar sparkið kom í manninn. Einn mannanna, Sigurþór, hafi verið æstur og gert sig líklegan til þess að ráðast á annan dyravörð. Kveðst vitnið þá hafa lagt til atlögu við hann og hrint honum, svo að hann missti fótanna, og Sverrir Þór þá sagt, að hann myndi koma honum út.

Vitnið Valur Rúnar Þorsteinsson var einn gestanna í Vegas umrætt sinn. Hann hefur sagt, að hann hafi verið þarna með félögum sínum. Þarna hafi virst vera tveir hópar manna. Hann segist ekki hafa séð upptökin að handalögmálunum, en einhverjar róstur hafi orðið í 10 – 15 metra fjarlægð frá þeim félögunum og dyraverðir komið og blandað sér í þetta, en mátt sín lítils. Segist hann hafa séð stóran, þreklegan mann á fertugsaldri í þverrönd-ótttri eða skræpótttri mussu. Þá hafi verið þarna yngri maður, stæltur og vel á sig kominn, með hárið greitt aftur. Þá hafi verið þarna rauðbirkinn maður með gleraugu. Vitnið gat ekki borið kennsl á ákærðu í réttarsalnum. Hann segist hafa séð fyrstnefnda manninn kýla niður mann í blárri skyrtu, með vinstri hendi, að hann hyggur. Hafi höggið komið aftan við hægri eyra, að hann telur, aftan á höfuðið á hlið, og maðurinn fallið fram fyrir sig, og segist vitnið ekki hafa séð hann standa upp aftur. Ekki hafi hann getað séð, hvernig maðurinn lá á gólfinu eftir þetta eða hvernig honum reiddi af, eftir að hann féll, en þarna hafi verið þvaga af fólki og hann sjálfur verið í hinum enda húsnæðisins. Vitnið hefur séð ljósmyndirnar, sem gerð er grein fyrir hér að framan. Telur hann manninn á mynd nr. 3 (Sverri Þór) vera þann, sem slegið hafi þann í bláu skyrtunni.

Vitnið Óskar Ragnar Jakobsson, félagi Vals Rúnars, segist ekki hafa séð upphaf átakanna og ekki annað af þeim en þegar maðurinn var sleginn niður. Hann segist hafa séð, hver það gerði. Það hafi verið sér ókunnur maður, en kunningi sinn, sem þarna var staddur, hafi kannast við hann og sagt

hann heita Sverri. Segist vitnið vera viss um, að um einn og sama mann sé að ræða, en vitnið hefur ekki getað bent á neinn með vissu, hvorki af mynd né í réttarsalnum. Hann segir höggið hafa lent í höfði mannsins, annaðhvort aftan á eða á hlið, svo að hann lá eftir hreyfingarlaus á bakinu. Ekki geti hann gert sér grein fyrir, hvort maðurinn var sleginn með krepptum hnefa eða ekki.

Vitnið Björgvin Pálsson, einn af þeim félögum, hefur skýrt frá því, að hann hafi ekki séð annað af átökunum en það, að maðurinn, sem lést, var sleginn einu sinni og féll í gólfið. Sá, sem sló, hafi verið klæddur í gallabuxur og ljósa skyrtu, líklega einlita. Hafi höggið verið þungt, svo að glumdi í, og komið á vinstra gagnauga mannsins. Maðurinn hafi fallið aftur fyrir sig, beint á hnakkann, svo að glumdi í. Hafi hann legið eftir og ekki staðið upp aftur.

Sunna Miriam Sigurðardóttir, kona ákærða Sigurþórs, hefur skýrt frá því, að þau Sigurþór hafi farið í heimsókn til Sverris Þórs daginn eftir atburðinn, og hafi þá verið búið að handtaka hann. Rámar hana í, að Þuríður Björg, kona Sverris Þórs, hafi þá sagt, að maður sinn gæti verið höggþungur. Hafi þetta verið sagt í sambandi við áflogin á Vegas. Annars segir hún þau hafa staðið stutt við og lítið verið talað. Vitnið segist hafa spurt mann sinn, hvað gerst hefði á Vegas, og hann sagt, að átök hefðu skolið á og maður legið eftir meðvitundarlaus. Hefði hann sagt, að hann hefði hvorki slegið, sparkað né gert þessum strák neitt.

Stig Lauridsen, sem var á skemmtistaðnum Vegas með ákærðu umrætt kvöld, hefur kannast við að hafa lent þar í ryskingum og slegið mann í vinstra brjóst ofarlega. Á eftir hafi ákærði Sverrir Þór slegið þennan sama mann ofarlega í höfuðið og maðurinn rotast, því að hann hafi fallið strax í gólfið og legið þar grafkyrr. Stig kvaðst hins vegar ekki hafa séð nokkurn sparka í manninn. Eftir átökin kvaðst Stig hafa farið heim til ákærða Sverris Þórs með ákærðu, Birki og Þuríði. Á leiðinni hafi verið rætt um átökin, og minnti Stig, að ákærði Sverrir Þór hefði sagt, að hann hefði rotað einn mann á Vegas.

Vitnið Eggert Pétursson, sem var á skemmtistaðnum Vegas umrætt kvöld í fylgd hins látna, hefur sagt, að hann hafi fyrst orðið var við átökin rétt í því, að Sigurður féll í gólfið, með því, að rokið hafi verið í vin sinn, Bjarna, sem sat sér á hægri hönd. Við það hafi hann staðið upp og séð Sigurð liggja á hlið og snúa frá sér. Þá hafi verið rífið í sig, en um leið hafi hann séð, að sparkað hefði verið í Sigurð. Hann kvaðst ekki hafa séð aðdraganda þess, að Sigurður féll í gólfið, en séð hann falla. Vitnið kveður ákærða Sigurþór vera þann, sem sparkað hafi í Sigurð. Kveðst hann telja, að ákærði hafi

sparkað með skótá, og hefði sparkið komið aftarlega í höfuð hans. Hann hefur ekki getað lýst skónum, en telur þá hafa verið dökka. Vitnið kveður Sigurð hafa dottið aftur fyrir sig af kolli, sem hann sat á, og lent á hliðina. Hafi kippir farið um líkama Sigurðar, eftir að hann féll á gólfið, þar sem hann hafi legið kyrr á hliðinni og í hnipri. Hann kveður Sigurþór hafa verið í skræpótttri, langröndótttri skyrtu, síðri, ófráhnepptri. Hann kveðst hafa verið búinn að drekka eitthvað af áfengi, en ekki verið ofurölvi.

Þegar vitnin sáu ákærða Sverri Þór fyrir dóminum við meðferð málsins, var hann að áliti dómenda betur á sig kominn en hann virðist vera á ljósmyndinni, sem tekin var af honum í upphafi lögreglurannsóknarinnar. Þá hefði hann látið sér vaxa hökutopp og bar gleraugu og útlit hans því töluvert breytt.

Niðurstaða.

Telja verður sannað með læknisrannsókn og krufningu, að Sigurður Sigurmundsson hafi látist af heilaskúmsblæðingu, sem hlaust af höfuðhöggi eða -höggum. Á höfði hans var ekki aðra ytri áverka að sjá en mar í hársverði í hnakka og blóðgúl undir höfuðleðri. Hefur ekki verið sýnt fram á, að áverkinn hafi hlotist af þungu höggi eða höggum á hnakkann, og fram er komið, að slíkur áverki getur hlotist af tiltölulega vægu höggi.

Í málinu er ákærði Sverrir Þór einungis saksóttur fyrir að veita Sigurði heitnum eitt þungt högg á höfuð aftanvert, svo að hann féll á gólfið meðvitundarlaus, og ákærði Sigurþór einungis saksóttur fyrir að sparka einu sinni í höfuð Sigurði, þar sem hann lá á gólfinu. Kemur því annað af átökunum á skemmtistaðnum Vegas ekki til álita í málinu, svo sem það, er vitnið Ólafur Elvar Stefánsson segist hafa séð ákærðu gera á hlut Sigurðar heitins.

Mjög mikið ber á milli manna í skýrslum um átökin í Vegas. Upplýst er þó, að þau tóku mjög stuttan tíma og voru ekki einungis á milli ákærðu og Sigurðar heitins, heldur drógust aðrir inn í þau, svo að úr varð þvaga. Húsnæðið er fremur illa lýst með lituðum og tifandi ljósum. Þá er á það að líta, að fólk það, sem borið hefur í málinu, var margt undir áhrifum áfengis og sumt mjög ölvað. Einnig liggur það fyrir, að Sigurður heitinn var ofurölvi.

1. Ákærði Sigurþór hefur staðfastlega neitað því að hafa sparkað í höfuð Sigurði. Sverrir Þór hefur sagt hann hafa sparkað fast með tánni í hnakka Sigurði, þar sem hann var á fjórum fótum að reyna að risa á fætur. Er þessi frásögn ekki í samræmi við neitt annað í málinu, og ber að hafna henni. Vitnið Eggert Pétursson hefur borið, að ákærði hafi sparkað með tánni aftan í höfuð Sigurði heitnum, þar sem hann lá á hliðinni. Aðrir hafa ekki bor-

ið þetta á ákærða, og við rannsókn á klossum hans hefur ekkert fundist, sem styður þessa frásögn vitnisins. Þá verður að telja, að áverkinn á hnacka Sigurðar heitins og það, sem leitt er í ljós um gerð klossanna, styðji hana ekki heldur. Að þessu athuguðu og gegn staðfastri neitun ákærða verður að telja ósannað, að hann hafi sparkað í höfuð Sigurði heitnum. Ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins.

2. Ákærði Sverrir Þór hefur einnig staðfastlega neitað því að hafa slegið Sigurð heitinn Sigurmundsson. Aftur á móti hefur Valur Rúnar Þorsteinson sagt stóran, þreklegan mann á fertugsaldri og í þverröndótttri eða skrápótttri mussu hafa slegið mann í blárri skyrtu högg aftan við hægri eyra, svo að maðurinn féll fram fyrir sig. Stig Lauridsen hefur sagst hafa séð ákærða slá Sigurð ofarlega í höfuðið. Óskar Ragnar Jakobsson hefur sagst hafa séð mann, sem kunnugur maður hafði þá rétt áður sagt sér, að hétí Sverrir, slá Sigurð heitinn í höfuðið, aftanvert eða á hlið. Björgvin Pálsson hefur lýst því, hvernig maður í ljósri skyrtu og gallabuxum sló annan mann á vinstra gagnauga, svo að glumdi í og maðurinn féll í gólfið á hnackann, svo að glumdi í aftur. Enda þótt þessar skýrslur séu ekki samhljóða í öllum atriðum, ber þeim öllum saman um, að sá, sem sleginn var, hafi ekki staðið upp aftur. Telur dómurinn sannað, að þessir fjórir menn séu að bera um sama atvik og að ákærði Sverrir Þór hafi slegið Sigurð heitinn eitt högg í höfuðið í þessum átökum, svo að hann skall í gólfið og lá eftir meðvitundarlaus. Ekkert verður um það fullyrt, hvort heilablæðingin hlaut af hnefahögginu eða skellinum eða þá hvoru tveggja, en þessar hörmulegu afleiðingar verður að telja ákærða til sakar. Hefur hann orðið sekur við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Ákærði Sverrir Þór var sektaður sex sinnum á tímabilinu 1981 til 1995, aðallega fyrir fíknilagabrot. Þá hefur hann hlotið refsídóm fyrir fíknilagabrot og þrjá refsíðoma fyrir hegningarlagaabrot, síðast 23. maí í vor, sex mánaða fangelsi. Verður refsing hans nú hegningarauki við þann dóm. Þegar hliðsjón er höfð af því, að afleiðingar árásarinnar urðu aðrar og meiri en búast mátti við, þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Frá henni ber að draga gæsluvarðhald ákærða frá 14. maí til 4. júní sl. og frá 9. sama mánaðar, alls 123 daga.

Dæma ber ákærða Sverri Þór til þess að greiða 120.000 krónur í sak-sóknarlaun til ríkissjóðs og 500.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl. Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan annan sakarkostnað að undanskildum málsvarnarlaunum verj-

anda meðákærða, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 500.000 krónur, sem greiða ber úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sigurpór Arnarsson er sýkn af ákæru í málinu.

Ákærði Sverrir Þór Einarsson sæti fangelsi tvö ár. Frá refsingunni dregst 123 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði Sverri Þór greiði 120.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 500.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl.

Úr ríkissjóði greiðist 500.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hrl., verjanda ákærða Sigurpórs.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærði Sverrir Þór.
